

## Synda-aflausnir.

[Eins og kunnugt er, var í byrjun 16 aldar, synda-aflausnar sala algeng um Norðurlöfna. Var það eitt með öðru er hleypti Luther á stað móti páfa. Það sem hér fer á eftir er brot úr ræðu eftir Jóhann Tetzel. — Ávarp til sóknarpresta. Hafði hann umboð á aflausnarsölu um Saxland, og var hinn æstasti fjandmaður Luthers.]

„**ÆRUVERÐI HERRA!** — Þess bið eg yður, að í orð-  
ræðum yðar megi yður þóknast að viðhafu þau orð.  
er opnað fái augu og huga og komi tilheyrendum yðar til að  
athuga, hve mikillar náðar og gjafa þeir verði aðnjótandi og nú  
öðlist við sínar heimiadyr. Sæl þau augu, sannlega, er sjá hvað  
þeir sjá, því nú þegar eiga þeir þau vegabréf, svo þeir geta flutt  
sál sína, gegnum þann táradal, yfir haf hinnar æðisfullu verald-  
ar, hvar vindur og veður og hættur bíða, yfir á Paradísar-sælunn-  
ar land. Vitið, að líf manna hér á jörð er sífellt stríð. Vér  
eigum í baráttu, við holdið, heiminn, djöfulinn, er stöðugt  
kappkosta að fyrirkoma sálinni. Í synd erum vér getnir. —  
Ó, hvílk syndafjötur umvesja oss, og hve örðugt og næstum  
ómögulegt það er án guðlegrar hjálpar að komast að hliði hjálp-  
ræðisins; með því líka að Hann lætur oss, verða hólpna, ekki  
fyrir tilverknað góðra verka, er vér fáum afrekað, heldur fyrir  
sína guðdómlegu miskunnsemi; það er því nauðsynlegt að í-  
klæðast herklæðum guðs.

Þér getið nú fengið vegabréf frá umboðsmanni drottins vors  
Jesú Krists, svo með þeim fáið þér leyst sálu yðar úr höndum  
óvinarins og fyrir auðmýkt og játningu á yðar ávirðingum kom-  
ið henni heilu og höldnu út úr öllum kvölum hreinsunareldsins  
inn í alsælunnar ríki. Því vitið, að á bréf þau er greipt og graf-  
inn allur ávinningur Krists þínu og í ljós leiddur. Minnist, að  
fyrir eina og sérhverja dauðlega synd verður krafín 7 ára yðran.  
að aflokinni játningu og auðmýkt sálar, annaðhvort í þessu lífi  
eða í Helvíti.

Hve margar dauðlegar syndir eru ekki drýgðar á degi hver-  
jum, hve margar á viku, hve margar á mánuði, hve margar á  
ári, og hve margar alla æfina út. Þær eru sem næst óteljandi.